



Sandra Maria Marin og Ragnar Stefánsson hafa fulla trú á því að hægt sé að markaðssetja hestaferðir fyrir þá sem gera meiri kröfur til reiðhesta og aðbúnaðar og eru tilbúnir að borga meira. Með því móti opnast markaður fyrir góða reiðhesta í milli verðflokunum.

MYND/JÓN BJÖRNSSON

Ferðapjónusta Tamningamenn sjá tækifæri í hestaferðum

Lúxus hestaferðir í Eyjafirði

Mikil aukning hefur verið í hestaferðum hér á landi undanfarin ár og áratugi. Ýmsir sjá tækifæri í hesta-tengdri ferðapjónustu, þar á meðal tamningamenn og hrossabændur sem vilja auka öryggi í rekstrinum og gera hann fjölbreyttari.

JÓN BJÖRNSSON
jonbjornsson1@gmail.com

Sandra Marin og Ragnar Stefánsson á Hléskógum í Eyjafirði eru bæði með ólæknandi hestadellu og eru atvinnumenn í hestamennsku; reiðkennarar, tamningamenn og hrossaræktendur. En þau sjá líka mikla möguleika í hestatengdri ferðapjónustu. Þau byrjuðu að markaðsetja „lúxus hestaferð-

ir“ þegar þau bjuggu á Efri-Mýrum í Austur-Húnavatnssýslu en keyptu jörðina Hléskóga ásamt sænskum vinum sínum fyrir réttu ári. Markaðsetningin er unnin í samvinnu við sænsku ferðaskrifstofuna Flyande Pass sem sérhæfir sig í hestaferðum til Íslands. Á Hléskógum er nú boðið upp á hestaferðir fyrir vana reiðmenn á úrvals gæðingum. Metnaður er lagður í allan aðbúnað og gert vel við fólk í mat og drykk. Atvinnu reiðkennarar og hestamenn stýra ferðunum og leiðbeina þátttakendum.

Lúxus reiðleiðir

„Við bjuggum á Akureyri um tíma og hefur alltaf líkað vel hérna í Eyjafirðinum. Það eru endalausir möguleikar á reiðleiðum frá Hléskógum og stutt í margar þær fallegustu á Norð-Austurlandi. Nálægðin við Akureyri og Akureyrarflugvöll er mikilvæg. Það skiptir miklu að okkar viðskiptavinir geta flogið

beint til Akureyrar og þaðan og að Hléskógum er ekki nema 20 mínútna akstur. Hér er frábært fólk og hestamening og hér líður okkur vel,“ segja þau Sandra og Raggi.

„Við leggjum áherslu á að bjóða upp á bestu mögulegu gæði í okkar ferðum. Það eru ekki nema tíu manns í hverri ferð. Við erum eingöngu með mjög góða reiðhesta, sem við eigum sjálf og nokkra sem við fáum lánaða. Þetta er viljugir og vel gengir hestar sem hvaða hestamaður sem er væri fullsæmdur af. Það er alveg ótrúlega gaman að heyra viðbrögðin hjá fólkinu þegar það kynnist af eigin raun eða íslenskum gæðingum. Það sem kemur fólki mest á óvart er fjörið og viljinn og hversu hratt hesturinn kemst á gangi.

Skeið eins og gott kynlíf

„Þó svo að flestir eða allir sem koma í ferðirnar hafi kynnst íslenskum hestum og eigi íslenska

hesta, þá eru margir þeirra fæddir úti og eru allt öðruvísi en hestar frá Íslandi. Því miður þá eru hestarnir sem eru aldri upp úti margir hverjir latir og daufir, enda hafa þeir ekki það frelsi í uppeldinu sem flest hross búa við hér á landi. Við höfum líka verið með flugvakra hesta og leyft þeim sem vilja að leggja til skeiðs, sem er auðvitað toppurinn á tilverunni. Sumir voru hástemmdir í lýsingum og líktu sínum fyrsta skeiðspretti við gott kynlíf. Og ætli það sé ekki með skeiðið eins og kynlífið ef menn hafa kynnst því þá vilja þeir meira,“ segir Sandra og hlær. „Ferðirnar gengu vel hjá okkur í sumar og engin óhöpp.“

Ferðir fyrir kröfuharða

Hver knapi hefur þrjá hesta til umráða fyrir sig og það eru riðnir um 30 kílómetrar á dag og hver ferð tekur 7 daga. Fólk tekur þátt í að reka og standa fyrir ef það vill. Allir starfsmenn í ferð-

unum eru atvinnumenn í hestamennsku. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu. Það er gist á Hléskógum, en gistiðstaða er á neðri hæð hússins.

„Við erum með frábæran kokk og allir borða saman við langborð á kvöldin og því kynnist fólk mjög vel. Umhverfið hér er stórbrotið og fjöllin umlykja bæinn. Nægir þar að nefna Kaldbak sem gnæfir yfir öllu. Ferðapjónusta í Eyjafirði er á mikilli siglingu og Akureyri hefur mikið aðdráttarafl fyrir útlendinga. Þar eru frábærir veitingastaðir og verslanir sem skipta máli fyrir okkar viðskiptavinum. Eins höfum við boðið okkar gestum upp á hvalaskoðun sem er vinsælt. Hugmyndin er því að bjóða „lúxusferðir“ fyrir mjög kröfuharða viðskiptavinum, sem vonandi koma aftur og aftur til Íslands. Það hafa nokkrir hestar selst eftir ferðirnar, en margir þessara hesta eru alls ekki til sölu. Flestir sem koma eru ekki að leita sér

“

Þetta eru viljugir og vel gengir hestar sem hvaða hestamaður sem er væri fullsæmdur af.

að hesti, en þegar þeir kynnast slíkum gæðingum, þá auðvitað langar fólk í hest til að taka með sér heim“.

Vetrarferðir og námskeið

Á veturna eru þau Sandra og Raggi líka með ferðir og námskeið í kringum Bautatöltið, Mývatn open og Fákar og fjör. Þá koma atvinnuknappar og leikmenn til Íslands og eru á námskeiði og keppa jafnvel á mótum sem eru í gangi á þeim tíma. Allir viðskiptavinir þeirra hingað til hafa komið frá Svíþjóð og Danmörku, en á markaðsetning er einnig hafin í Þýskalandi fyrir næsta ár. Eins eru þau með það sem þau kalla „Bed and ride“ en þá kemur fólk við hjá þeim gistir í 2 til 3 daga og fer í styttri reiðtúra frá Hléskógum.

Með „útlendar“ hryssur

En lífið er ekki bara hestaferðir. Ragnar og Sandra eru fyrst og fremst tanningsmenn og reiðkennarar, þótt þau sjái mikla möguleika í hestaferðunum til að styrkja hrossabúið. Þau eru einnig með nokkrar hryssur í ræktun. „Ég er mikill aðdáandi Smára frá Skagaströnd. Afkvæmi hans hafa reynst okkur vel. Þar fyrir aftan er auðvitað Safir frá Viðvík og þar með Hrafn frá Holtsmúla. Hrafn gaf frábært geðslag og hreinar og góðar gangtegundir og það er að koma frá Smára líka. Þetta er í smáum stíl hjá okkur ennþá, enda nýbyrjuð að rækta hross þannig séð,“ segir Ragnar. Þau hafa þó fengið 1. verðlaunahross úr sinni ræktun þó ung sé að árum, til dæmis hryssuna Frumu sem er með 8,23 í aðaleinkun. Einnig er Smáradóttirin Stikla frá Efri-Mýrum mikið vaxandi keppnishryssa og fékk



yfir 7,0 í einkunn í sinni fyrstu töltkeppni. Vinafólk þeirra frá Svíþjóð er einnig með hryssur í ræktun á Hléskógum. „Áhugi útlendinga fyrir því að hafa hryssurnar á Íslandi er alltaf að aukast. Þá alast hrossin upp í íslenskri náttúru og það er hægt að koma hryssunum undir bestu stöðhestana hér á landi. Auk þess sem það er hagkvæmara að ala trippin upp hér heldur en úti.“

Eins og að koma til himna

Sandra er sænsk og alin upp í úthverfi Stokkhólms. Frá því hún man eftir sér hjólaði hún allar helgar í reiðskóla til að fá að fara á bak og vera í kringum hesta. Auk þess átti fjölskyldan hesta. Hún sá íslensk hross fyrst á sænska meistaramótinu, sem haldið er sérstaklega fyrir íslenska hesta, og eftir það varð ekki aftur snúið. „Ég heillaðist af kraftinum og gangtegundum og endaði með því að kaupa mér íslenskan hest. Eftir það var Ísland fyrirheitna landið og um leið og ég kláraði framhaldsskólann flutti ég hingað. Ég kom til landsins að hausti til og fór beint norður á Hjaltastaði í Skagafirði. Haustlitadýrðin var mikil, stillt veður og feitir loðnir hestar á

beit um allt. Þetta var eins og að koma til himna.“ Frá Hjaltastöðum lá leiðin á Hólaskóla, það sem hún útskrifaðist sem reiðkennari árið 2004.

Með hestamannabóð í æðunum

Ragnar er fæddur á Dalvík. Hann ólst upp hjá móður sinni og fósturföður, en er sonur hins kunna hestamanns Stefáns Friðgeirssonar. Hann var í sveit á sumrin í Mývatnssveit og Bárðardal og kynntist þar hestum. Afi hans Friðgeir Jóhannsson var líka með hesta á Dalvík og því hægt að fara á bak. Ragnar var ekki nema þrettán ára þegar hann var sendur í sveit til Jóhanns Friðgeirssonar frænda síns á Hofi og þá hófst vinna hans við hesta fyrir alvöru. Sandra og Raggi kynntust á Fákaflogi á Vindheimamelum árið 2000 og eiga í dag tvö börn, Emblu Lind 5 ára og Sindra Pál á öðru ári.

Lengi að venjast íslenska kæruleysinu

„Ég átti erfitt fyrst með að venjast íslenska kæruleysinu og að engin færi eftir klukku!“ segir Sandra. „Veðrið stýrir vinnudeginum á Íslandi meira en klukkan og mér fannst þetta mjög skrýtið.

En þetta venst. Í dag finnst mér þetta fínt og hugsu meira eins og Íslendingur: Þetta reddast! En ég held að það sé mjög gott að þessir tveir heimar mætist einhverstaðar í miðjunni. Íslendingar hafa gott af því að aga sig aðeins meira og ég þurfti að læra að slappa aðeins af. Þetta kemur líka fram í reiðmennskunni. Íslendingar eru fljótir að taka hross til afkasta, jafnvel áður en það er tímabært, á meðan útlendingunum hættir til að gleyma sér í grunnvinnu og tanningu en ríða ekki til afkasta. Við seldum til dæmis gelding út í vor sem var aðeins búinn að keppa hér heima og standa sig vel. Strákurinn sem keypti hestinn vildi keppa á honum strax, en þjálfarinn vildi það ekki og taldi að klárinn væri ekki tilbúin í keppni. Engu að síður keppti hann á honum og vann bæði tölt og fjörgang með glæsibrag.

Engu að síður þurfum við hér á Íslandi að leggja aðeins meiru áherslu á góða tanningu og gefa okkur lengri tíma til að temja hrossin. Flestir sem koma til landsins eru að leita að hestum til að keppa á í íþróttakeppni og þá skiptir miklu að hesturinn sé vel taminn og láti vel að stjórn.“

Getum stækkað markaðinn

„Það er mikið um „pony hesta“ af ýmsum tegundum í reiðskólum í Svíþjóð, en aftur á móti lítið um íslenska hesta. Pony hestur er skilgreindur sem hestur undir 148 sentimetrum á herðakamb en stærri en 105 sentimetrar. Íslandshestafólkið er svolítið sér á báti og tekur þetta þá alla leið; er í lopapeysu, á íslenskan hund og allan pakkan. Í þessum reiðskólum er ekki verið að ríða gangtegundir, heldur fimi og hindrunarstökk á háu stigi. Þeir sem hinsvegar kynnast íslenska hestinum vilja ekki sjá neitt annað eftir það. Við þurfum því að vera dugleg að reyna að koma okkur á framfæri og finna leiðir til að fá fólk til að prófa íslenska hestinn og þá meina ég alvöru hesta með alvöru gangtegundir,“ segir Sandra, „því áhuginn á hestamennsku er mikill í Svíþjóð. Stórhestafólkinu finnst íslenski hesturinn loðinn og framandi og oft er hann stimplaður sem „halarófuhestur“. En flestir sem á annað borð fást til að prófa íslenskan hest velja hann. Að okkar mati eru miklir möguleikar á því að stækka markaðinn,“ segja þau Sandra og Raggi að lokum.

Víða eru grösugir balar í fallettri náttúru þar sem beit er næg.

MYND/ADSEND

